

PROFESSOR NGJASI BJARNASON OG NÝALL.

I.

Það er orðið langt síðan merkur rithöfundur vakti athygli mína á því, að í bók eftir próf. Ág. II. Bjarnason, þýddri og frumsaminni, sem heitir *Himingeimurinn*, er hnúta til Nýals. En þó að langt sje um liðið, þá er ekki enn of seint að víkja að þessu nokkrum orðum. Og ekki þarf að vera í neinum vafa um það, þó að ekki sjeu nöfn nefnd, hvert hnútunni er stefnt.

Próf. Ágúst er á þeirri skoðun, að óhætt sje að fullyrða með Brúnó — sem kvalinn var til dauða árið 1600 — að til sje „ögrynni af bygðum heimum. Gætum þess að verða ekki of smásálarlegir í hugsum vorri“ — segir próf. Ágúst, og heldur þannig áfram: „Forðumst þá heimsku fyrri alda, að jörðin sjé ein bygð og þungamiðja alheimsins. Fráneygur eins og fjarsjáin og markvís eins og útreikningur stjörnufræðingsins ætti andi vor að vera og svo víðfeðminn, að hann gati tekið öllum þeim dásemendum, sem vísindin leiða í ljós. En á hinn bólinn má hann þó ekki rasa um ráð fram og tala t. d. um „lífgeislan“ og „hugsanaflutning“ um þær óra leiðir, sem ljósið eitt nær á tugum og hundruðum ára. „Lífgeislan“ er með öllu óþekt enn hjer á jörðu“ — segir próf. Ágúst — „hvað þá heldur milli hnatta; og

„hugsanaflutningur“ jafnvel um stíttar leiðir, mjög mikil vafamál; þá má nærrí geta, að það er nokkuð djarft að tala um hugsanaflutning eða hugskeyti milli hnatta! Það er annar barnaskapurinn, önnur heimskan frá“. — („Himingeimurinn“, s. 101—102).

Pannig farast pröfessornum orð, og er vissulega þess vert, að bjarg að sje frá gleymisku. Og óhætt er að spá þeim orðum, að það sjé barnaskapur og heimska, að tala um lífgeislan milli hnatta, þó nokkurri frægð, þegar lengra líður. Er þess skemra að bíða, en próf. Ágúst hyggur, að hann mun þess ákaft óska, að hann hefði þau orð aldrei ritað.

II.

Próf. Ágúst segir, að lífgeislan sje „með öllu óþekt enn hjer á jörðu“. Sannleikurinn er á þá leið, að það er til fjöldi af athugunum og tilraunum, sem gera það alveg óumflýjanlegt að skilja, að lífgeislan á sjer stað —, öllum sem ekki eru mjög ramlega tjóðraðir af röngum fyrirframsannferingum. Bókin „Himingeimurinn“ kom út 1926. Hjerna hefi jeg bók, sem heitir: „Neue Strahlen des menschlichen Organismus“ (Nýir geislar frá mannlíkamanum). Bók þessi kom út 1924 og er ekki, eins og einhver kynni að ímynda sjer, eft-

ir einhvern dulrænumann, heldur eftir háskólakennara (docent) í sálufræði, dr. Sydney Alrutz, sem dáinn er fyrir nokkrum árum. Hafði dr. Alrutz mikið orð á sjer sem tiltakanlega gerhugull og vandvirkur tilraunamaður og rannsóknari, enda eru athuganir hans stórfróðlegar. Hann sýndi m. a., að það má fá vöðva til að dragast saman, einungis með því að benda fingri á hann. Vitanlega var svo frá gengið, að sá, sem tilraunin var gerð á, hafði ekki hugmynd um, að á hann var bent. Ber hjer alt að einum brunni, og mætti hjer enn nefna rannsóknir Kotiks og Turveys, sem jeg hefi getið að nokkru í Nýal. (Sjá einkum s. 290 —292). Sýna rannsóknir Turveys, einnig á mjög fróðlegan hátt, hvernig ástand eins líkama getur framleiðst í öðrum, þó að i fjarlægð sje. Á því getur ekki hinn minsti vafi leikið, að hinn lifandi líkami scendir frá sjer geisla, sem rjettnefndir eru lifgeislar, en vitgeislar sumir. Jeg kemst ekki hjá því að segja, að jeg aumkva þann prfessor í sálufræði, sem veit ekki, að það, sem nefnt hefir verið hugsanaflutningur, á sjer stað. Jeg vil nefna það eitt, sem hver maður veit, eða getur vitað, sem verið hefir á nokkrum miðilfundum, að miðillinn svarar spurningum, sem aðeins eru hugsaðar. En ekki er orðum eyðandi að þeirri mótbáru, að skýringin á þessu sje sú, að men hvíslí spurningunum óafvitandi, jafnvel þó að þeir á-setji sjer að opna ekki munninn.

III.

Skaðsemi hinna röngu fyrirfram sannfæringa, sem tjóðra prfesson Águst eins og svo marga aðra prfessora í sálufræði og heimspeki, er mikil og stórkostleg. Það er jafnvel ekki ofmalt, að slíkir hleypidómar komi gersamlega í veg fyrir alt, sem í sannleika á skilið að vera nefnt heimspeki. Því að hvernig ættu þeir að geta verið í sannleika heimspekingar, sem ekki vita af lifgeislannini? Hvernig ættu þeir að skilja, að það er stefnt til aðri lifheildar? En á því er ekki vafi, að rjett er kenning míin um hina aðri lifheild, sem jeg hefi nefnt hyperzón. Til þess að skilja það, þarf í rauninni ekki annað en framlengja þektar línum í líffræði. Af fyrstlingnum (protozoon, protofyton), vaxa og æxlast verur, sem eru samsettar af þúsundum miljóna af frumum; en hver slík svarar til fyrstlings. En hinar margsamsettu verur (metazóa, metafyta), stefna svo aftur til enn aðri lífheilda: hyperzón. Það er heimslögþál, einmitt eitt af þeim lögmálum, sem þarf að vita til að skapa sanna heimspeki, að h. samsætta leitast altaf við að verða eining í nýrri heild. Og sjerstaklega fróðlegt er að veita því eftirtekt, hvernig líf ið leitar ávalt meiri og sterri sambanda. Þetta kemur fagurlega í ljós, ef vjer hugleiðum sögu lífsins á jörðu hjer frá byrjun, og þó skýrast, ef vjer virðum fyrir oss sögu mannkynsins. Hvílikur munur á þeim samböndum, sem

mennirnir hafa skapað, og svo því sem til var hjá þeirra nánustu forfeðrum, öpunum. Og það er vissulega óheimspekilegt mjög að ímynda sjer, að lífið leiti ekki sambanda út fyrir hnöttinn. En með uppgötvun minni á eðli og skyldleika draumlífsins og miðilsfyrburðanna, er sýnt fram á, að samband við íbúa annara stjarna er undirstöðuháttur í eðli voru: a normal psycho-physiological phenomenon. En þekking á þessu sambandi við lífverur á öðrum jörðum er nauðsynleg til þess að mannkynið geti horfið af bölvigi og helvegi og komist á sanna framfaraleið.

IV.

Það væri vitanlega eyðileggjandi fyrir mig, ef menn fengjast til að leggja trúnað á það, sem próf Ágúst virðist vilja halda fram, að kenningar mínar og uppgötvunar sjeu ekki annað en barnaskapur og heimska. Og þó hefi jeg dregið, ár eftir ár, að svara þessari árás. Að vísu veit jeg, að þess eru varla dæmi, að prófessorar í heimspeki hafi stutt nýjar og merkilegar hugsanir. En hinsvegar eru nú tímamót meiri en áður hafa verið, og prófessor Ágúst að ýmsu leyti mikilsverður maður, og því ekki óhugsandi, að hið

góða og sanna kynni að geta náð þeim tökum á honum, að hann sæi að sjer og fengi nokkurn grun um, hversu hann hefir með árás sinni á Nýal, gert það, sem er einmitt þveröfugt við það, sem honum bar að gera. Og lýk jeg máli þessu með þeirri einlægu ósk, að prófessorinn í heimspeki við háskóla Íslands, verði hinum mikilsverða æskulýð, sem er undir hans handleiðslu, leiðtogi til sannrar heimspeki, en ekki af vegaleiðandi til tómfræði og moldvörpuskapar.

15. okt.

Helgi Pjeturss.

116. 20. okt. 1929